

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 18. maí 2007, kl 16:30.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Ólafur Elísson, Elliði Vignisson, Sigurhanna Friðþórsdóttir Sigurjón Ingvarsson, Bjarni B. Kristjánsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Ráðningar kennara.

Skólameistari rifjaði upp umsóknir er borist höfðu og fór yfir hvað vantaði af kennurum. Tveir réttindakennarar sóttu um, annarsvegum um íþróttakennslu og hinsvegum um þýskukennslu, en sú umsókn var dregin til baka þar sem viðkomandi hafði ráðið sig annarsstaðar. Umsóknir leiðbeinenda voru 5 og 4 óskuðu endurráðningar. Að öðru leyti er vísað í yfirlit umsókna frá síðasta fundi. Skólameistari lagði til að: Svavar Vignisson yrði ráðinn í fullt starf við íþróttakennslu, hann var eini umsækjandinn og er með réttindi og reynslu, Arndís María Kjartansdóttir yrði ráðin í þýskukennslu (leiðbeinandi) í 75 % starf, Sigurður E. Vilhelmsson líffræðingur verði ráðinn í náttúrufræðikennslu (leiðbeinandi) og Kristín Sigurðardóttir fyrrum aðal íslenskukennari skólans verði fengin í ca hálf starf íslenskukennara til að létta á Berthu Johansen er vill minnka við sig. Auk þess var lagt til að eftirtaldir starfandi leiðbeinendur yrðu endurráðnir: Gísli Eiríksson, Ólafur Týr Guðjónsson, Sigurgeir Jónsson og Steinunn Jónatansdóttir. Tveir kennarar hafa nú fengið full réttindi og verða ráðnir á ótímabundna ráðningu, þeir Einar Friðþjófsson og Gunnar Friðfinnsson. Skólanefnd samþykkti þessar tillögur samhljóða.

2. Skipstjórnarnám - staða mála.

Farið var yfir það helsta sem fram kom á fundi með fulltrúum Fjöltekniskólans á fundi sem haldinn var 10. maí. Rætt var um nauðsyn þess að vinna þessi mál í góðu samstarfi við FTÍ, meðal annars vegna gæðavottunarmála. Farið var yfir þær þrjár leiðir sem FTÍ-menn höfðu stungið uppá varðandi skipulag námsins. Voru fundarmenn sammála um að við ættum að leggja aðaláherslu á dagskólaleiðina, sem kost númer eitt. Ekki höfðu borist endurskoðaðar hugmyndir frá FTÍ, sem þó var búið að lofa Einnig var rætt um það hvort ekki væri skynsamlegt að fá verkefnastjóra í tímabundna vinnu til að undirbúa námið, ræða við hugsanlega nemendur og hagsmunaaðila, ásamt því að annast kynningu og fleira í samráði við skólameistara. Lögð var áhersla á að auglýsa námið sem fyrst. Elliði tók að sér að kanna hvort Sveinn Magnússon nýútskrifaður markaðshagfræðingur væri laus og fengist í þetta verkefni. Skólameistari tók að sér að senda nefndarmönnum fréttir af gangi málsins, eftir því sem það þokast áfram.

3. Önnur mál.

Jón Valgeirsson formaður nefndarinnar vildi þakka fyrir samstarfið í nefndinni, sem hann sagði alltaf hafa verið gott, en þetta gæti orðið hans síðasti fundur, ef ekki þyrfti að efna til fundar oftár á þessu vori. Tóku fundarmenn undir þakkir fyrir gott samstarf og óskuðu Jóni velfarnaðar á nýjum slóðum.

Næsti fundur var ekki tímasettur.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 17:55
Ólafur H. Sigurjónsson.